

Kærunefnd útlendingamála

06 151

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Kærufnd útlendingamála
kt. 591214-0120
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Kærunefnd útlendingamála er sjálfstæð stjórnslunefnd skipuð sjö aðalmönnum. Nefndarmenn eru sérfróðir um mál sem falla undir útlendingalög einkum hvað varðar dvöl og búsetu útlendinga hér á landi, málefni flóttamanna og rétt til alþjóðlegrar verndar. Þeir eru skipaðir til fimm ára í senn.

Hlutverk kærunefndar útlendingamála er aðallega að rannsaka og úrskurða í kærumálum. Nefndin hefur ekki með höndum umönnun hælisleitenda eða aðra félagslega aðstoð sem hælisleitendur þurfa og eiga rétt á. Þá kemur nefndin ekki að stefnumörkun í þessum málaflokki að öðru leyti en því sem leiðir af úrskurðum hennar. Framkvæmd úrskurða nefndarinnar er í höndum Útlendingastofnunar og Ríkislögreglustjóra.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 10 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 272,1 milljónir og afkoma kr. 10,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 4,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 47,4 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Kærunefndar útlendingamála í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Kærunefndar útlendingamála fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Þorsteinn Gunnarsson,
formaður

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	268.600.000	272.800.000
Seld þjónusta	3	876.127	0
Framlög og ýmsar tekjur	4	230.880	131.743
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.387.492	1.760.347
Tekjur samtals		272.094.499	274.692.090
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	211.344.229	251.568.267
Annar rekstrarkostnaður	6	47.407.054	37.984.553
Afskriftir	7	2.387.492	1.760.347
Gjöld samtals		261.138.775	291.313.167
Afkoma fyrir fjármagnsliði		10.955.724	(16.621.077)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(20.549)	(16.034)
		(20.549)	(16.034)
Afkoma ársins		10.935.175	(16.637.111)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		8.265.553	7.811.874
Farartæki og vélar		0	0
Aðrar eignir		0	0
		<u>8.265.553</u>	<u>7.811.874</u>
Fastafjármunir samtals		<u>8.265.553</u>	<u>7.811.874</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		350.680	0
Tengdir aðilar	9	<u>38.800.704</u>	<u>27.002.978</u>
Veltufjármunir samtals		<u>39.151.384</u>	<u>27.002.978</u>
Eignir samtals		<u>47.416.937</u>	<u>34.814.852</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		<u>4.886.804</u>	<u>(6.048.371)</u>
Eigið fé samtals		<u>4.886.804</u>	<u>(6.048.371)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	97.480	951.285
Viðskiptaskuldir		3.405.266	3.150.516
Ýmsar skammtímaskuldir	11	17.661.695	22.089.918
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	<u>21.365.692</u>	<u>14.671.504</u>
Skuldir samtals		<u>42.530.133</u>	<u>40.863.223</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>47.416.937</u>	<u>34.814.852</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		10.935.175	(16.637.111)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	2.387.492	1.760.347
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.387.492)	(1.760.347)
		<u>10.935.175</u>	<u>(16.637.111)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(350.680)	0
Tengdir aðilar		(6.411.022)	21.340.818
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(4.173.473)	(4.703.707)
		<u>(10.935.175)</u>	<u>16.637.111</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(2.841.171)	(878.930)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		781.680	0
		<u>(2.059.491)</u>	<u>(878.930)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Fjárfestingarframlag		2.059.491	878.930
		<u>2.059.491</u>	<u>878.930</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	268.600.000	272.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.387.492	1.760.347
	<u>270.987.492</u>	<u>274.560.347</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	282.900.000	0	0	282.900.000
Fjáraukalög	(7.000.000)	0	0	(7.000.000)
Launabætur	700.000	0	0	700.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	(8.000.000)	0	0	(8.000.000)
Fjárveiting til tekna	268.600.000	0	0	268.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(257.664.825)	0	0	(257.664.825)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	10.935.175	0	0	10.935.175

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Veitinga- og gistiþjónusta	876.127	0
	<u>876.127</u>	<u>0</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	0	131.743
Ýmsar tekjur	230.880	0
	<u>230.880</u>	<u>131.743</u>

	2022	2021
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	174.579.385	208.218.724
Orlof, breyting	(4.428.223)	(4.971.399)
Launatengd gjöld	39.037.402	45.927.076
Starfsmannakostnaður	2.155.665	2.393.866
	<u>211.344.229</u>	<u>251.568.267</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	15,0	19,0
------------------------------	------	------

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	201.276	249.532
Byggingarvörur, aðrar	12.890	0
Tæki og búnaður til innréttinga	654.238	0
Ýmis tæki og áhöld	523.726	81.460
Orkugjafar	189.562	162.884
Matvæli	3.340.580	1.669.524
Almennar rekstrarvörur	893.698	630.392
Vörukaup, almenn	<u>5.815.970</u>	<u>2.793.792</u>

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Kennslu- og föndurvörur	0	109.050
Ýmsar sérgreindar vörur	4.888	19.861
Vörukaup, sérgreind	4.888	128.911
Fundir, námskeið, risna	531.503	214.259
Ferðir, uppihald	460.727	87.880
Akstur	80.900	11.809
Sérfræðiþjónusta	6.110.160	8.006.809
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	55.763	56.680
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.074.186	861.323
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.313.239	9.238.760
Afnotagjöld	5.144.581	6.114.662
Leigugjöld	18.009.515	16.638.056
Notkun véla og flutningatækja	0	49.600
Verkkaup	1.971.190	1.774.692
Kostnaðarhlutdeild	8.147.671	1.226.080
Tilfærslur	0	20.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	33.272.957	25.823.090
Annar rekstrarkostnaður samtals	47.407.054	37.984.553
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.387.492	1.760.347
	2.387.492	1.760.347
	31.12.2022	31.12.2021
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	8.265.553	7.811.874
	8.265.553	7.811.874
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:		
	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022	20.771.578	20.771.578
Viðbætur á árinu	2.841.171	2.841.171
	23.612.749	23.612.749
Afskriftir 01.01.2022	12.959.704	12.959.704
Afskrift ársins	2.387.492	2.387.492
	15.347.196	15.347.196
Staða 31.12.2022	8.265.553	8.265.553

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	38.800.704	27.002.978
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	0
	<u>38.800.704</u>	<u>27.002.978</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	97.480	951.285
	<u>97.480</u>	<u>951.285</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 31.12.2021

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(6.048.371)	10.588.740
Afkoma ársins	<u>10.935.175</u>	<u>(16.637.111)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>4.886.804</u>	<u>(6.048.371)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	17.661.695	22.089.918
	<u>17.661.695</u>	<u>22.089.918</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	8.265.553	7.811.874
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	<u>13.100.139</u>	<u>6.859.630</u>
	<u>21.365.692</u>	<u>14.671.504</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	7.811.874	6.859.630	14.671.504
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	8.300.000	8.300.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	781.680	781.680
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.841.171	(2.841.171)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(2.387.492)</u>	<u>0</u>	<u>(2.387.492)</u>
	<u>8.265.553</u>	<u>13.100.139</u>	<u>21.365.692</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Kærunefnd útlendingamála hefur gert tímabundinn samning um húsaleigu við Ríkiseignir til ársins 2031, árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 19 milljónum. Eins hefur stofnunin gert ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.